



Reykjavík, 4. janúar 2022
235. stjórnarfundur SHS
43. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2201004/2201003

Þriðjudaginn 4. janúar 2022 var haldinn 43. fundur framkvæmdaráðs AHS, sem jafnframt var 235. stjórnarfundur SHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 15:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundinn mættu þeir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarna hjá embætti ríkislögreglustjóra og Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. COVID-19 staðan

Þórólfur og Víðir fóru yfir stöðuna á COVID-19 og mögulega þróun þess næstu daga og vikur. Gildandi reglugerð um takmarkanir rennur út 8. janúar og er minnisblað í vinnslu hjá sóttvarnalækni. Mikilvægt að tryggja áætlanir um órofinn rekstur þar sem það á við, en að svo stöddu verður dagafjöldi í sóttkví og einangrun ekki stytur.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Bólusetningar barna

Umræða um bólusetningar barna og framkvæmdina á þeim. Formlegt erindi hefur borist frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um lán á skólabyggingum sveitarfélaganna og að skólalald verði felld niður þá daga sem bólusetningar fara fram. Fræðsla um bólusetningar barna er í undirbúningi og verður á tólf tungumálum á COVID.is.

Afgreiðsla: Formlegt erindi heilsugæslunnar verður lagt fyrir borgar- og bæjarráð, en lagt til að tekið verði jákvætt í erindið til að tryggja samræmt verklag á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Erindi frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna, dagsett 3. janúar 2022.

3. Önnur mál FAHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 16:00.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Erindi frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna, dagsett 3. janúar 2022.